

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. reglnanna:

- a. 1. málslíður 3. mgr. orðast svo: Uni stúdent ekki endanlegri ákvörðun deildarforseta um rétt hans eða skyldu á hann kost á að skjóta máli sínu til háskólaráðs.
- b. Á eftir 1. málslíð 3. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Áður en háskólaráð tekur ákvörðun leitar ráðið álits kærunefndar í málefnum nemenda við Háskóla Íslands.
- c. Á eftir orðinu „Deildarforseti“ í upphafi núverandi 3. málslíðar 3. mgr. bætist við orðið: háskólaráð.
- d. Í stað orðsins „kærunefndina“ í 1. málslíð 4. mgr. kemur: háskólaráð.
- e. Á eftir 1. málslíð 4. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Áður en háskólaráð tekur ákvörðun leitar ráðið álits kærunefndar.
- f. Í stað orðsins „kærunefndar“ í núverandi 3. málslíð 4. mgr. og 1. málslíð 5. mgr. kemur: háskólaráðs.
- g. Í stað orðsins „kærunefndin“ í 3. málslíð 5. mgr. kemur: háskólaráð.
- h. Í stað orðsins „hana“ í lok 3. málslíðar 5. mgr. kemur: ráðið.

#### 2. gr.

4. mgr. 100. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Til að standast BS-próf í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverju fyrir sig, auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Til að standast MS-próf í lyfjafræði, lyfjavísindum eða klínískri lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námskeiðum hverju fyrir sig, auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Deildin ákvarðar vægi hvers námskeiðshluta í samráði við kennara og birtir tilkynningu um það efni í upphafi kennslumisseris.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 6. nóvember 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*